

**Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 9. nóvember 2017 - R17100497**

|           |  |   |
|-----------|--|---|
|           | <b>Fundargerðir:</b>   |   |
|           |  |   |
|           |  |   |
|           | <b>Annað:</b>  |   |
| R17060018 | Fyrirspurn Kjartans Magnússonar, borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu tillagna um húsnæði Melaskóla                                  | Sent umhverfis- og skipulagssviði og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.       |
| R17060185 | Erindi samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu með undirrituðum þjónustusamningi við Fjölsmiðjuna til þriggja ára                             | Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til meðferðar og velferðarsviði til kynningar. |
| R17110004 | Erindi andlega þjóðarráðs Bahá'ía á Íslandi, dags. 1. nóvember 2017, vegna ástands vegna ástands vegarslóða er liggur frá þjóðvegi að Kistufelli | Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.  |
| R17110006 | Bókun hverfisráðs Laugardals um stöðu löggæslumála í hverfinu  | Sent borgarfulltrúum til kynningar.   |
| R17100025 | Tillaga um fjármagn vegna rafvæðingu umsókna á velferðarsviði ásamt umsögn SPB, dags. 1. nóvember 2017.  | Sent fjármálaskrifstofu til meðferðar.  |
| R17100026 | Tillaga um að koma á fót velferðartæknismiðju, ásamt umsögn SPB, dags. 1. nóvember 2017.   | Sent fjármálaskrifstofu til meðferðar.  |
| R17100028 | Tillaga um kaup á áskrift að rafrænu heimaþjónustukerfi ásamt umsögn SPB, dags. 1. nóvember 2017.  | Sent fjármálaskrifstofu til meðferðar.  |
| R16050099 | Tillaga vegna neyðarástands í búsetuúrræðum barna með þroska- og geðraskanir.  | Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar.   |
| R15100065 | Tilkynning EBÍ um ágóðahlutagreiðslu 2017.   | Sent borgarfulltrúum og fjármálaskrifstofu til kynningar.                                   |
| R17110053 | Erindi umhverfisstofnunar um upplýsingagjöf sveitarstjórna við útgáfu og endurskoðun á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.                       | Sent umhverfis- og skipulagssviði til kynningar.  |
|           |  |   |
|           |  |   |
|           |  |   |



**BORGARRÁÐ 2. nóvember 2017: Fyrirspurn Kjartans Magnússonar, borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu tillagna um húsnæði Melaskóla - R17060018**

6. júlí sl. afgreiddi borgarráð tvær tillögur sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fluttu 1. júní um húsnæðismál Melaskóla. Annars vegar var lagt til að undirbúningur yrði nú þegar hafinn að viðbyggingu við Melaskóla enda væri ljóst að húsnæðisþörf skólans yrði ekki leyst til framtíðar án viðbyggingar. Borgarráð samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar við gerð fjárhags- og fjárfestingaráætlunar borgarinnar. Hin tillagan, sem var samþykkt, kvað á um að skólanum yrði boðið viðbótarhúsnæði í nágrenni skólans frá og með haustinu. Umrætt húsnæði yrði tímabundin ráðstöfun þar til framtíðarlausn verður ákveðin í húsnæðismálum skólans. Einnig yrði ráðist í brýnar viðhaldsframkvæmdir og endurbætur í skólanum í sumar og haust, þar með talin málun innanhúss, viðhald, bón á gólfefni og tilfærslur innanhúss samkvæmt óskum stjórnenda og starfsfólks. Þá verði mótaðar tillögur um hvernig bæta megi útiáðstöðu og leiksvæði barna í skólanum, t.d. með því að nýta betur græn svæði í nærumhverfi skólans. Um leið og þessar tillögur eru áréttáðar er óskað eftir upplýsingum sem fyrst um hvað hefur gert til að framfylgja þeim, t.d. varðandi áður nefnt viðbótarhúsnæði sem skólinn er í brýnni þörf fyrir. Óskað er eftir því að Foreldrafélag og skólaráð Melaskóla fái einnig umræddar upplýsingar sem fyrst en undanfarnar vikur hafa þessir aðilar árangurslaust óskað eftir þeim innan úr borgarkerfinu.



## **Bjarni Þóroddsson**

---

**Frá:** Samtök sv.félaga á hb.svæðinu <ssh@ssh.is>  
**Sent:** 31. október 2017 11:42  
**Afrit:** Páll Guðjónsson  
**Efni:** Fjölsmiðjan - undirritaður samningur /málsnr.1501007  
**Viðhengi:** Þjónustusamningur\_JANÚAR\_2017\_undirritadur\_30.10.2017.pdf

Góðan daginn,

Meðfylgjandi er undirritaður þjónustusamningur við Fjölsmiðjuna sem við óskum eftir að verði dreift og vistað á viðeigandi hátt hjá ykkur.

Bestu kveðjur  
Sandra Björgvinsdóttir  
skrifstofufulltrúi  
[SSH undirritun posts\_minna]



**Framkvæmdastjórar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu f.h. sinna sveitarfélaga í samningi þessum nefndir verkkaupar og Fjölsmiðjan kt. 660601-2790 í samningi þessum nefnd verksali gera með sér svohljóðandi**

## **Þjónustusamning**

á grundvelli skipulagsskrár fyrir sjálfseignarstofnunina Fjölsmiðjan og samþykktum stjórnar hennar um fræðslu og verkþjálfun.

### **1. gr. Gildissvið**

- 1.1 Samningur þessi tekur til greiðslu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, vegna þjónustu Fjölsmiðjunnar við einstaklinga sem til hennar eru sendir af viðkomandi sveitarfélögum. Eftirfarandi sveitarfélög eru aðilar að samningi þessum: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Seltjarnarneskaupstaður og Mosfellsbær.

### **2. gr. Þjónusta og markmið**

- 2.1 Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun, sem starfrækir verkþjálfunar- og framleiðslusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára sem hætt hefur námi og/eða ekki náð fótfestu á vinnumarkaði.
- 2.2 Markmið þessa samnings er að þroska persónuleika nema Fjölsmiðjunnar og búa í haginn fyrir þá til aukins skólanáms eða þátttöku á hinum almenna vinnumarkaði. Þetta er gert með því að vinna með nemum að finna út styrkleika þeirra og áhuga í gegnum verklega þjálfun og fræðslu. Með þessu móti stuðla samningsaðilar að frekara skólanámi nema eða þjálfun þeirra í að reynast góðir starfskraftar á vinnumarkaði.
- 2.3 Samningur við verksala nær til verkþjálfunar nema, náms- og starfsráðgjafar, tilsagnar í námi í grunnfögum og almennri fræðslu. Réttindi og skyldur á vinnumarkaði, tilsögn í vinnuhegðun og vinnumiðlun. Hann tekur einnig til þjónustu sem verksala er heimilt að kaupa af öðrum enda uppfylli þeir ekki minni kröfur en gerðar eru til verksala í samningi þessum um slíka þjónustu.
- 2.4 Starfsfólk verksala skal hafa þekkingu á viðfangsefnum sínum.
- 2.5 Verksali setur sér það markmið í rekstri sínum að veita eins góða þjónustu og kostur er.

### **3. gr. Fyrirkomulag á inntöku og útskrift nema**

- 3.1 Verkkaupum ber að skipa starfsmann frá hverju aðildarsveitarfélagi sem fulltrúa og tengilið síns sveitarfélags við fulltrúa verksala.

- 3.2 Tengiliður sveitarfélags og fulltrúi verksala skulu sameiginlega taka ákvörðun um inntöku nýrra nema.
- 3.3 Tengiliður sveitarfélags og fulltrúi verksala fylgja nemum eftir og taka ákvörðun um hvenær viðkomandi er hæfur til útskriftar.

#### 4. gr.

##### Greiðsla verksala á þjálfunarstyrk

- 4.1 Verksali greiðir út þjálfunarstyrk til nema í samræmi við reglur Fjölsmiðjunnar um mætingu og vinnuframlag hverju sinni. Þjálfunarstyrkur nema er ákvarðaður af sveitarfélögum í september ár hvert fyrir komandi ár. Einnig er tekin sameiginleg ákvörðun um jólabónusa og aðra launaliði til að gæta jafnræðis.
- 4.2 Eftir hvern mánuð sendir verksali hverjum verkkaupa reikning með upphæð sem nemur kostnaði á hvern nema sem samningur þessi tekur til.
- 4.3 Halda skal fjárreiðum og reikninghaldi vegna þjálfunarstyrks til nema aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri og eignum verksala.
- 4.4 Nemar 17 ára og yngri fá greidda þjálfunarstyrki sem ákveðið hlutfall af þjálfunarstyrk eldri nema, og skal það hlutfall ákvarðað samhliða ákvörðun um þjálfunarstyrki sbr. grein 4.1. Eldri nemar fá fullan þjálfunarstyrk að frádregnum atvinnuleysisbótum sem þeir kunna að fá frá Vinnumálastofnun.
- 4.5. Greiðsla þjálfunarstyrks verkkaupa miðast við þann fjölda nema sem hvert aðildarsveitarfélag hefur samið um að fái þjálfun hverju sinni og greiðist í hlutfalli við mætingu.
- 4.6. Fjölsmiðjan fær greidd 5% álag á þjálfunarstyrk sbr. ofangreint til að mæta kostnaði við umsjón og utanumhald.

#### 5. gr.

##### Greiðslur frá verkkaupa

- 5.1 Vegna samnings þessa greiða sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu umsaminn þjónustustyrk sem ætlað er að standa undir þjónustu og kröfum samkvæmt 2. grein samnings þessa.
- 5.2 Þjónustustyrkur ársins 2014 skal vera kr. 9.700.000 m.v. verðlag 1. janúar 2017 og breytist árlega í samræmi við breytingu á vísitölu neysliverðs.

#### 6. grein

##### Tengiliðir og stjórnunarleg tengsl

- 6.1 Til að tryggja skilvirka framkvæmd samnings þessa skal skipa sérstakt notendaráð, sem í eiga sæti einn fulltrúi frá hverjum aðila. Notendaráðið skal funda eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Notendaráðið skal hafa með höndum faglegt eftirlit með störfum og



gæðum á þjónustu verksala og fara yfir almenna framkvæmd samningsins, og ef þörf þykir, setja fram tillögur um breytingar á fyrirkomulagi og framkvæmd hans. Notandaráðið kýs sér formann og setur sér starfsreglur í samræmi við skilgreint hlutverk þess hér að framan.

- 6.2. Í samræmi við ákvæði í skipulagsskrá Fjölsmiðjunnar skipar SSH einn fulltrúa í stjórn hennar. Fulltrúi SSH skal vera stjórnarmaður SSH eða framkvæmdstjóri SSH.

#### 7. gr.

##### Upplýsingaskylda og eftirlit með framkvæmd samningsins

- 7.1 Verksali skal ótilkvaddur senda stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, fyrir lok maí ár hvert, endurskoðaðan ársreikning ársins á undan ásamt rekstrarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfsemi og framkvæmd samningsins.
- 7.2 Verksali skuldbindur sig til að upplýsa stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu án tafar ef hann telur sig ekki geta staðið við fjárhagslega eða faglega skilmála samnings þessa.
- 7.3 Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefur eftirlit með framkvæmd samningsins og áskilur sér rétt til að skoða aðstæður þar sem þjónustan samkvæmt honum er veitt og kalla eftir upplýsingum sem verkkaupi telur þörf á hverju sinni.

#### 8. gr.

##### Þagnarskylda

- 8.1. Starfsmönnum verksala ber að gæta þagnarmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara lögum samkvæmt.

#### 9. gr.

##### Meðferð ágreiningsmála

- 9.1 Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd á samningi þessum skal honum vísað til þriggja manna sáttanefndar. Tilnefnir verksali einn fulltrúa og verkkaupar einn fulltrúa. Oddamaður skal tilnefndur sameiginlega af báðum aðilum. Skal sáttanefndin skera úr um ágreininginn eins fljótt og kostur er.
- 9.2 Kostnaður við starf sáttanefndar skiptist jafnt milli verkkaupa og verksala.
- 9.3 Vilji annar hvor samningsaðili ekki una niðurstöðu sáttanefndar er honum samt sem áður heimilt að bera ágreininginn undir Héraðsdóm.

**10. gr.**  
**Vanefndir**

- 10.1 Ef verksali vanefnir samningsskyldur sínar getur verkkaupi krafist tafarlausra úrbóta og sett tímafresti. Falli þjónusta niður eða skerðist verulega er verkkaupum heimilt að skerða framlag í réttu hlutfalli við brottfallið eða skerðinguna.
- 10.2 Hafi verksali ekki bætt úr vanefndum innan tímafrests í samræmi við kröfur verkkaupa hafa verkkaupar heimild til að fresta greiðslum þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar. Verksali á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað skv. þessari grein.
- 10.3 Þrátt fyrir ákvæði greinar 9.2 veita verulegar vanefndir af hálfu samningsaðila þó gagnaðila ætíð rétt til riftunar samningsins, enda hafi áður verið skorað á gagnaðila að bæta úr vanefnd með hæfilegum fyrirvara.

**11. gr.**  
**Gildistími, uppsögn, endurskoðun**

- 11.1 Samningur þessi er gerður til þriggja ára og gildir frá 1. janúar 2017.
- 11.2 Frá árinu 2014 hefur stjórn Fjölsmiðjunnar unnið að endurskipulagningu starfsemi hennar og þjónustu í því skyni að auka faglegan þátt starfsins og tengja nám og starfþjálfun á hennar vegum við menntakerfið. Gert er ráð fyrir að niðurstöður úr þessari vinnu og tillögur um breytingar á innra starfi og þjónustu liggi fyrir eigi síðar en í árslok 2017. Heimilt er að taka samninginn til endurskoðunar ef þessar niðurstöður kalla á breytingu á honum.


**12. gr.**  
**Frumrit og staðfesting samnings**

- 11.1 Af samningi þessum skulu gerð sjö samhljóða eintök og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins.
- 11.2 Eitt eintak skal vera í vörslu hvers aðildarsveitarfélags sem verkkaupa og eitt eintak í vörslu verksala.

 EOS  




Kópavogi, 30.október 2017

  
f.h. Kópavogsbæjar

Samþykkt í bæjarráði 01.06.2017

f.h. Reykjavíkurborgar


Samþykkt í borgarráði 29.06.2017

  
f.h. Mosfellsbæjar


Samþykkt í bæjarráði 01.06.2017

  
f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

Samþykkt í bæjarráði 27.09.2017

  
f.h. Seltjarnarneskaupstaðar

Samþykkt í bæjarráði 15.06.2017

  
f.h. Garðabæjar

Samþykkt í bæjarráði 15.06.2017

  
f.h. Fjölskiðjunnar



ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI  
THE NATIONAL SPIRITUAL ASSEMBLY OF THE BAHÁ'ÍS OF ICELAND

Borgarráð  
b.t. Dags B. Eggertssonar borgarstjóra  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnagötu 11  
101 Reykjavík

Málsnr. 217/110004  
Skjalasafn Ráðhúss  
03. nóv. 2017  
Brofalykill 1222-1

Sent í tölvupósti á netfangið [radhus@reykjavik.is](mailto:radhus@reykjavik.is)  
Staðfestingareintak póstsent

Reykjavík, 1. nóvember 2017

Þann 14. mars 2002 var undirritaður kaupsamningur milli Andlegs þjóðarráðs bahá'ía Íslandi, kt. 620174-0259, og Skipulagssjóðs Reykjavíkur, kt. 511170-0529, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, þar sem Reykjavíkurborg keypti jörðina Norðurgröf á Kjalarnesi af andlega þjóðarráðinu að undanskilinni 38,38ha spildu lands sem nokkru síðar fékk nafnið Kistufell.

Í fyrsta tölulið sjöttu greinar samningsins er kveðið á um að Reykjavíkurborg skuli tryggja öruggt og greiðfært aðgengi að landi Kistufells og muni annast viðhald á vegarslóða er liggur frá þjóðvegi að Kistufelli.

Við viljum benda á að vegurinn frá iðnaðarhverfinu upp að Kistufelli er víða það moldarkenndur að hefning á honum hefur lítið gagn gert þar sem rigning myndar holur jafn óðum. Verstur er kaflinn frá gatnamótum við Velli (vegur 4776) að Kistufelli. Það þarf einnig að hækka veginn því snjóskafar myndast gjarnan á honum við fjúk en þarna er oft vindasamt. Hingað til hefur verið um að ræða stöðugar viðgerðir/holufyllingar öll þessi ár en enginn varanleg lausn og allt of oft ógreiðfært upp eftir, sem er langt frá því sem samningurinn tilgreinir. Til að uppfylla samninginn þarf greinilega að hækka veginn og leggja varanlegt slitlag. Fyrir verður vegurinn ekki öruggur og greiðfær allt árið.

Með vinsemd og virðingu  
fyrir hönd Andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi




Róbert Badí Baldursson, gjaldkeri





Reykjavíkurborg

Byggingarmátt  
Laugardals & Háaleitis



Reykjavík, 31. október 2017.

Borgarráð Reykjavíkurborgar  
b.t. S.Björns Blöndal formanns  
Ráðhús Reykjavíkur – Tjarnargötu  
101 Reykjavík


Á 157. fundi hverfisráðs Laugardals, sem haldinn var mánud. 30. okt. 2017 var rætt um innbrot og þjófnaði í Laugardal undanfarið.

Samþykkt var eftirfarandi bókun.

*Hverfisráð lýsir yfir áhyggjum sínum af stöðu löggæslumála í hverfinu sem hefur þróast hratt á verri veg eftir að hverfislögreglustöðinni við Grensásveg var lokað.*

Þessu er hér með komið á framfæri

F.h. hverfisráðs Laugardals

  
Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri







Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Málsnr.: R17100025  
Skjalasetn Ráðhúss  
04. Okt. 2017  
Bréfalykill: 20

Reykjavík, 2. október 2017  
VEL2017090024  
0.7.0

Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur  
101 Reykjavík


***Tillaga ásamt greinargerð um fjármagn vegna rafvæðingar umsókna á velferðarsviði, sbr. tillögu velferðarráðs undir lið nr. 10 í fundargerð velferðarráðs þann 21. september 2017.***

Á 316. fundi velferðarráðs þann 21. september 2017 var lögð fram tillaga ásamt fylgigögnum um innleiðingu á velferðartækni og rafrænni þjónustu.

Velferðarráð samþykkir að óska eftir við borgarráð að settar verði 15 m.kr., eða andvirði eins og hálfis stöðugildis, í nauðsynlega stefnumótun og ferlagreiningu til undirbúnings rafvæðingar umsókna á velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Tillagan ásamt greinargerð er hér með send borgarráði til samþykktar.

Virðingarfyllst,

  
Regina Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

## Tillaga

### *um fjármagn vegna rafvæðingar umsókna á velferðarsviði*

Velferðarráð samþykkir að óska eftir við borgarráð að settar verði 15 m.kr, eða andvirði eins og hálfstíðugildis, í nauðsynlega stefnumótun og ferlagreiningu til undirbúnings rafvæðingar umsókna á velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Í samræmi við þjónustustefnu Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var í borgarstjórn haustið 2016 stendur til að rafvæða allar umsóknir velferðarsviðs (alls um 40 talsins). Rafræn þjónustumiðstöð og velferðarsvið munu vinna það verk í sameiningu. Ljóst er að áður en hægt er að hefjast handa við tæknivinnu er nauðsynlegt að fram fari undirbúningsvinna við kortlagningu og greiningu verkferla. Til að ná fram sem mestri hagræðingu stendur til að endurskoða alla verkferla, einfalda og stytta, í þeim tilgangi að bæta þjónustu sviðsins til muna.

Sú vinna sem er framundan í stefnumótun vegna kortlagningar og endurskoðunar ferla er gríðarlega umfangsmikil. Sérstaklega ber í því sambandi að nefna umsókn um fjárhagsaðstoð, en hún skiptist í 20 mismunandi umsóknir auk þess sem stefnumótunarvinnan verður yfirgripsmikil. Þetta verkefni er nauðsynlegt að vinna með starfsmönnum velferðarsviðs og ljóst er að ekki fylgdi því fjármagn, hvorki til Rafrænnar þjónustumiðstöðvar þegar hún var sett á fót, né velferðarsviðs. Þá er einnig nauðsynlegt að undirbúa vel og þjálfa starfsmenn þjónustumiðstöðva og annarra eininga sem veita þá þjónustu sem til stendur að rafvæða og síðast ekki síst að hafa samráð og upplýsa notendur um þær breytingar sem fyrirhugaðar eru.

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna ofangreindra verka muni jafngilda einu og hálfu stíðugildi í eitt ár eða um 15 m.kr. Gert er ráð fyrir að vinna við ferlagreiningu, stefnumótun og rafvæðingu umsókna hefjist nú þegar og taki eitt og hálf til tvö ár.

Regína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri



Starfsstaður: Skrifstofa sviðsstjóra  
Vinnsla: Dís Sigurgeirsdóttir  
Ábyrgðarmaður: Dís Sigurgeirsdóttir  
Dags. 02.10.2017  
GoPro nr. VEL2015060016

## Greinargerð vegna rafvæðingu umsókna

### *Forsaga*

Í skýrslu verkefnahóps um rafræna þjónustu í hagræðingarverkefni stýrihóps Borgarstjóra, sem skipaður var 25. janúar 2016, kom fram að svið Reykjavíkurborgar væru komin mislangt á veg í innleiðingu á rafrænum umsóknum og var velferðarsvið þar komið styst á leið. Af u.þ.b. tuttugu umsóknum á vegum sviðsins var aðeins ein á rafrænu formi og einungis að hluta til. Þann 23. júní 2016 var samþykkt í borgarráði stofnun rafrænnar þjónusumiðstöðvar sem hafði þann megingilgang að þróa og breyta framlínuþjónustu borgarinnar á þann veg að sjálfsafgreiðsla yrði ávallt fyrsti valkostur borgarbúa, þar sem því væri við komið. Er þetta einnig í samræmi við þjónustustefnu Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var í borgarstjórn haustið 2016. Í áherslum og forgangsröðun velferðarráðs 2018-2022 er jafnframt lögð áhersla á rafrænar lausnir í velferðarþjónustu.

### *Ferlið:*

Rafræn þjónustumiðstöð og velferðarsvið hafa nú hafið ferli til að rafvæða u.þ.b. 40 umsóknir (þar af heyrja 20 umsóknir til fjárhagsaðstoðar). Ljóst er að áður en hægt er að hefjast handa við tæknivinnu er nauðsynlegt að fram fari undirbúningsvinna við kortlagningu og greiningu verkferla. Til að ná fram sem mestri hagræðingu stendur til að endurskoða alla verkferla í þeim tilgangi að einfalda og stytta umsóknarferlið og gera það skilvirkara þannig að það bæti þjónustu sviðsins til muna. Stefnumótunarvinna sem fram fer samfara þessu verður sérstaklega umfangsmikil varðandi umsókn um fjárhagsaðstoð.

Ákveðið hefur verið að í stað þess að rafvæða alla 20 umsóknarferlana í einu stóru útboði verði ferlinu skipt upp í áfanga, sem gefur möguleika á að endurmeta og laga eftir þörfum það sem best hentar. Umsóknirnar eru ólíkar og því ekki ein og sama lausnin sem hentar í öllum tilfellum. Þótt kostnaður geti verið hærri í upphafi vegna slíks verklags er gert ráð fyrir að hann lækki þegar líður á verkefnið vegna samnýtingar og margföldunaráhrifa. Í fyrsta verkefninu felst þróun og prufukeysla á ákveðnum tæknilausnum, sem eru tímafreakar en með aukinni reynslu og endurtekningu minnkar sá tími og kostnaður. Það sama gildir um það starfsfólk sem mun koma að verkefninu, en reynsla og þekking mun leiða til þess að ferlið gangi greiðar þegar á líður. Verkefnið verður unnið á grunni verklags sem þekkist í

hugbúnaðargerð þar sem hver áfangi er unninn í stuttum spretti/lotu þar sem allir aðilar vinna í ákveðinn tíma við að klára afmarkað verkefni.

Eftirfarandi forgangsröð hefur verið ákveðin:

- Umsókn um akstursþjónustu aldraðra og ferðaþjónustu fatlaðra.
- Umsókn um fjárhagsaðstoð.
- Umsókn um matarþjónustu.

Vinna við rafvæðingu fyrstu umsóknarinnar (akstursþjónusta) er langt komin, ferlar hafa verið greindir og endurskoðaðir og er áætlað að tæknivinnunni ljúki í byrjun nóvember á þessu ári.

Um er að ræða samvinnuverkefni milli velferðarsviðs og Rafrænnar þjónustumiðstöðvar þar sem báðir aðilar bera ábyrgð á ákveðnum verkþáttum en öll stefnumótunarvinna samfara verkferlagreiningu verður alfarið á kostnað velferðarsviðs. Verkefnið greinist í grófum dráttum í eftirfarandi þætti:

1. Ferlagreining og endurskoðun ferla auk stefnumótunar
2. Forritunar- og tæknivinna vegna umsóknar
3. Tæknivinna vegna aðlögunar að málaskrá
4. Upplýsingagjöf til starfsmanna og borgara
5. Þjálfun starfsmanna í notkun nýrra tæknilausna í málaskrá

Af ofangreindum verkefnum mun velferðarsvið framkvæma og standa straum af þeim sem getið er um í fyrsta og fjórða lið, að hluta. Fyrirhugað er að ganga til samninga við fyrirtæki sem bjóða upp á þjónustu á þessu sviði.

Ljóst er að sú vinna sem er framundan í ferlagreiningu, endurskoðun ferla og stefnumótun er gríðarlega umfangsmikil. Sérstaklega ber þar að nefna umsókn um fjárhagsaðstoð, en hún skiptist í 20 mismunandi umsóknir auk þess sem yfirgripsmikil stefnumótunarvinna er nauðsynleg. Þetta verkefni er nauðsynlegt að vinna með starfsmönnum velferðarsviðs og ljóst er að ekki fylgdi fjármagn, hvorki til Rafrænnar þjónustumiðstöðvar né velferðarsviðs vegna nauðsynlegrar stefnumótunar. Þess ber einnig að geta að mikilvægt er að undirbúa vel og þjálfa starfsmenn þjónustumiðstöðva og annarra eininga sem veita þá þjónustu sem til stendur að rafvæða og síðast ekki síst að hafa samráð og upplýsa notendur um þær breytingar sem fyrirhugaðar eru.

### ***Kostnaðaráætlun frá skrifstofu fjármála og reksturs***

Gert er ráð fyrir að kostnaður velferðarsviðs vegna tveggja fyrrnefndra verkþátta muni jafngilda einu og hálfu stöðugildi í eitt ár eða um 15 m.kr. Gert er ráð fyrir að sparnaður í vinnustundum starfsmanna hljóti af aukinni sjálfvirkni, en að sá sparnaður muni ekki koma fram fyrr en kerfið verður tekið í notkun og einhver reynsla komin á það. Áætlað er að sú hagræðing geti meðal annars skilað notendum velferðarsviðs innihaldsríkari ráðgjafavinnu.

Reykjavík, 1. nóvember 2017  
Tilvísun í mál: R17100025

Til borgarráðs  
Ráðhús Reykjavíkur

**Efni: Umsögn um tillögu um fjármagn vegna rafvæðingar umsókna á velferðarsviði**


Vísað er til bréfs, dags. 12. október 2017, þar sem óskað er eftir umsögn skrifstofu þjónustu og reksturs um tillögu velferðarsviðs um fjármagn vegna rafvæðingar umsókna á velferðarsviði, sbr. 10 lið fundargerðar velferðarráðs frá 21. september 2017.

Skrifstofa þjónustu og reksturs fagnar heilshugar tillögum sem miða að því að innleiða umbætur, efla nýsköpun og framþróun í þjónustu sem og endurskoðun verkferla með það fyrir augum að draga úr sóun og veita íbúum þjónustu sem tekur fyrst og fremst mið af þörfum þeirra. Sú tillaga sem hér er til umsagnar hefur allt framangreint að markmiði og er það vel.

Skrifstofa þjónustu og reksturs leggur til að hugað verði að eftirfarandi við afgreiðslu og útfærslu tillögunnar:

- Það er mikilvægt að huga að verkaskiptingu aðila þegar kemur að annars vegar heildar endurskoðun á verkferlum og/eða stefnumótun innan velferðarsviðs og hins vegar rafvæðingu þjónustuferla. Rafræn þjónustumiðstöð ber ábyrgð á og leiðir rafvæðingu þjónustuferla og henni hefur verið tryggt fjármagn til að sinna því hlutverki og því er óþarft að ætla fjármagn til þess annars staðar.
- Vinna rafrænnar þjónustumiðstöðvar mun að líkum leiða til þess að nauðsynlegt verður að endurskoða mikinn hluta vinnuferla er lúta að þjónustu á sviðum borgarinnar og velferðarsvið bendir réttilega á nauðsyn þess í þessari tillögu. Það er mikilvægt að velferðarsvið og rafræn þjónustumiðstöð hafi gott samráð um verkaskiptingu í verkefninu til að koma í veg fyrir tvíverknað. Skoða ætti líka hvort þetta samstarfsverkefni velferðarsviðs og skrifstofunnar geti orðið nokkurs konar inngangur að því innleiða hugmyndafræði stöðugra umbóta (LEAN) sem víðast í starfsemi borgarinnar.

F.h. Skrifstofu þjónustu og reksturs



Óskar J. Sandhólt, skrifstofustjóri





Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Málsnr.: R17100026  
Skjalasain Ráðhúss  
04. okt. 2017  
Bréfalykill: 20

Reykjavík, 2. október 2017  
VEL2017090024  
0.7.0

Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur  
101 Reykjavík

***Tillaga ásamt greinargerð um að setja á fót velferðartæknismiðju, sbr. tillögu velferðarráðs undir lið nr. 10 í fundargerð velferðarráðs þann 21. september 2017.***

Á 316. fundi velferðarráðs þann 21. september 2017 var lögð fram tillaga ásamt fylgigögnum um innleiðingu á velferðartækni og rafrænni þjónustu.

Velferðarráð samþykkir að óska eftir við borgarráð að við fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2018 verði gert ráð fyrir stofnun velferðartæknismiðju þann 1. janúar 2018. Kostnaður við velferðartæknismiðjuna ásamt tækjabúnaði er áætlaður 45,5 m.kr.

Tillagan ásamt greinargerð er hér með send borgarráði til samþykktar.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

## Tillaga

### *um að koma á fót velferðartæknismiðju*

Velferðarráð samþykkir að óska eftir við borgarráð að komið verði á fót velferðartæknismiðju (e. Living Lab) sem hafi það hlutverk að greina þarfir velferðarsviðs fyrir tæknilausnir og jafnframt veita frumkvöðlum og fyrirtækjum möguleika á að prófa vörur og þjónustu sem geta hentað þörfum velferðarsviðs.

Á fundi Borgarstjórnar Reykjavíkur þann 16. maí 2017 var samþykkt að auka fjárveitingar vegna innleiðingar, rannsókna og nýsköpunar sem tengjast velferðartækni um 100 m.kr. á árinu 2018 og var tillöggunni vísað til meðferðar við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018.

Velferðartæknismiðja mun verða nauðsynleg og tímabær styrking á innviðum velferðarsviðs þannig að á einum stað verði farvegur fyrir innleiðingu á velferðartækni. Starfsmenn smiðjunnar þurfa að hafa menntun og reynslu á ferli nýsköpunar. Starfsemin verður þróuð í samvinnu við sambærilegar smiðjur hinna höfuðborga Norðurlanda. Með velferðartækni er komið til móts við fjölgun aldraðra, vaxandi þörf á langtíma umönnun í heimahúsum og eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum jafnframt minnkuð til framtíðar.

Við fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2018 verði gert ráð fyrir stofnun velferðartæknismiðju þann 1. janúar 2018. Kostnaður við velferðartæknismiðjuna er áætlaður 45,5 m.kr.

Regína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið



Starfsstaður: Skrifstofa þjónustu heim  
Vinnsla: Þórhildur Egilsdóttir  
Ábyrgðarmaður: Berglind  
Magnúsdóttir  
Dags. 02.10.2017  
GoPro nr. VEL2015060016

## Greinargerð *um velferðartæknismiðju*

### *Forsaga*

Á fundi Borgarstjórnar Reykjavíkur þann 16. maí 2017 var samþykkt að auka fjárveitingar vegna innleiðingar, rannsókna og nýsköpunar sem tengjast velferðartækni um 100 m.kr. á árinu 2018 og var tillögunni vísað til meðferðar við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018.

Velferðarsvið hefur síðan haustið 2014 tekið þátt í ýmsum verkefnum á sviði velferðartækni, aðallega á norrænum vettvangi og með utanaðkomandi styrkjum. Í stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara til ársins 2017 sem unnin var í virku notendasamráði kemur fram mikilvægi þess að fjölbreyttur stuðningur sé fyrir hendi, til að styðja fólk við að búa heima sem lengst þrátt fyrir heilsubrest eða færniskerðingu. Lögð er áhersla á að þjónustan sé áreiðanleg, örugg og styðji við sjálfstæði íbúanna. Í stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013 - 2024 er lögð áhersla á að þjónustan sé einstaklingsmiðuð, heildstæð og sveigjanleg og styðji við sjálfstætt og innihaldsríkt líf fatlaðs fólks. Ljóst er að til þess að ná þessum markmiðum þarf að breyta hugarfari og menningu í tengslum við þá þjónustu sem velferðarsvið veitir í heimahúsum. Skýr stefna Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni ásamt styrkingu innviða velferðarsviðs er tímabær, þannig að á sviðinu sé fyrir hendi nauðsynlegur mannaflí, fjármagn og tími til að vinna að breytingunum.

### *Velferðartækni*

Velferðartækni er norrænt hugtak, skilgreint sem tækni sem:

- kemur í veg fyrir þörf á velferðarþjónustu (fyrirbyggjandi)
- er notuð til aðstoðar þegar þjónustan er veitt
- getur komið í staðinn fyrir þjónustuna.

Verkefni velferðarsviðs munu aukast á næstu árum m.a. vegna verulegrar fjölgunar eldri borgara. Einnig eru auknar kröfur fatlaðs fólks um að velferðarþjónusta byggji á hugmyndafræði sjálfstæðs lífs og sé sérsniðin að þörfum hvers og eins. Til að bregðast við þessu er með velferðartækni og hugmyndafræði endurhæfingar í heimahúsum hægt að gera öldruðum kleift að búa lengur á heimilum sínum og koma í veg fyrir þörf á dýrum

hjúkrunarheimilisrýmum. Einnig að veita fötluðu fólki betri lífsgæði og sjálfstæði. Með stofnun velferðartæknismiðju (e. Living Lab) eru innviðir velferðarsviðs styrktir þannig að raunverulegur grundvöllur verði til staðar fyrir innleiðingu á velferðartækni og breyttu verklagi í þjónustunni. Grunnforsenda fyrir því að hægt sé að nýta þær tæknilausnir sem eru í boði er að starfsmenn og notendur hafi nettengingu og viðeigandi tæknibúnað. Þessu er víða ábótavant. Aðrar einfaldar tæknilausnir, s.s. sjálfstýrðar ryksugur og klósett með hreinsibúnaði geta leitt til verulegrar hagræðingar; fækkað verkum starfsfólks þannig að aukið svigrúm skapist til frekari gæðaverka í þjónustuveitingu starfsfólks. Slíkur búnaður er einnig til þess fallinn að auka sjálfstraust og sjálfsvirðingu þeirra sem hann nota.

### *Velferðartæknismiðja*

Velferðartæknismiðjunn er ætlað að vera staður þar sem unnið er við að greina þarfir velferðarsviðs fyrir tæknilausnir, veita frumkvöðlum og fyrirtækjum möguleika á að prófa vöru sína og þjónustu og þróa hana, meðal annars í raunaðstæðum. Vettvangur þar sem starfsmenn með tilhlýðilega kunnáttu taka á móti, prófa og sannreyna hvaða lausnir virka og hverjar ekki, áður ákvörðun um innkaup er tekin. Velferðartæknismiðjan byggir á hugmyndafræði Living Lab sem leggur áherslu á samsköpun með notendum, frumkvöðlum og fyrirtækjum sem þungamiðju í þróun lausna. Leiddar eru saman þarfir starfsmanna og notenda og þær lausnir sem frumkvöðlar og fyrirtæki bjóða upp á. Hluti af starfsemi smiðjunnar verður að byggja upp slíka menningu í Reykjavíkurborg. Starfsmenn smiðjunnar ættu að hafa menntun og reynslu á ferli nýsköpunar t.d. á sviði viðskiptafræði, hugbúnaðarverkfræði eða iðjuþjálfunar. Starfssvið þeirra er að stuðla að nýsköpun út frá þörfum þjónustukerfisins, bæta gæði þjónustunnar og breyta vinnulagi í samræmi við notkun nýrra tæknilausna.

Fyrirhugað er að í smiðjunn verði í framtíðinni staðsett önnur verkefni á þessu sviði, t.d. þau sem taka til samstarfs við aðrar evrópskar borgir, sem ef til vill fást Evrópusambandsstyrkir fyrir. Ennfremur verður velferðartæknismiðjan þekkingarsetur fyrir velferðartækni og taka starfsmenn þátt í samstarfi við sambærilegar smiðjur í öðrum höfuðborgum á Norðurlöndunum. Velferðartæknismiðjan verður eigin skipulagseining innan velferðarsviðs en síðar verður skoðað hvaða rekstrarform henti best t.d. hvort horfa eigi til þess að stofna sjálfstætt félag í eigu Reykjavíkurborgar, hliðstætt því sem gefið hefur góða raun í Helsinki.

Á fundi velferðarráðs þann 22. júní 2017 var samþykkt að starfshópur, skipaður fulltrúum úr velferðarráði, úr röðum notenda og starfsmanna velferðarsviðs hæfist brátt handa við að útbúa drög að stefnu Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni, ásamt aðgerðaráætlun til þess að fylgja henni eftir. Þar verður mótuð sú stefna sem velferðarsmiðjan mun hafa að leiðarljósi í starfi sínu.

### *Kostnaðaráætlun frá skrifstofu fjármála og reksturs*

Gert er ráð fyrir tveimur stöðugildum verkefnastjóra og öðrum rekstrarkostnaði sem metin er um 24 m.kr. Húsaleiga vegna velferðartæknismiðju er áætluð um 1,5 m.kr. Kostnaður til tækjakaupa og leiga á búnaði ásamt tæknilausnum fyrir starfstöðvar sviðsins er metinn um 20 m.kr. Kostnaður við að koma á fót velferðartæknismiðju er metinn á alls um 45,5 m.kr. á ári.

### *Samantekt:*

Í samræmi við starfsáætlun velferðarsviðs 2016-2017 og samþykktar borgarstjórnar frá 16. maí 2017 um að vísa tillögu um 100 m.kr. auka fjárveitingu vegna velferðartækni á árinu 2018 til meðferðar við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018 er lagt til að að koma á laggirnar Velferðartæknismiðju á velferðarsviði þar sem unnið er við að greina þarfir velferðarsviðs fyrir tæknilausnir og veita frumkvöðlum og fyrirtækjum möguleika á að prófa vöru sína og þjónustu, meðal annars í raunaðstæðum. Starfshópur mun útbúa drög að stefnu Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni, ásamt því að gera aðgerðaráætlun til þess að fylgja henni eftir. Stefnan verður höfð að leiðarljósi við innleiðingu á breyttu vinnulagi með velferðartækni. Strax verður hafinn undirbúningur að stofnun smiðjunnar með ráðningu starfsfólks og með því að útvega hentugt húsnæði fyrir starfsseminna.

Kostnaður við að koma á fót velferðartæknismiðju er metinn á alls um 45,5 m.kr. á ári.



Reykjavík, 1. nóvember 2017  
Tilvísun í mál: R17100026

Til borgarráðs  
Ráðhús Reykjavíkur

**Efni: Umsögn um tillögu um að koma á fót velferðartæknismiðju**

Vísað er til bréfs, dags. 12. október 2017, þar sem óskað er eftir umsögn skrifstofu þjónustu og reksturs um tillögu velferðarsviðs um að setja á fót velferðartæknismiðju, sbr. 10 lið fundargerðar velferðarráðs frá 21. september 2017.

Skrifstofa þjónustu og reksturs fagnar heilshugar tillögum sem miða að því að innleiða umbætur, efla nýsköpun og framþróun í þjónustu sem og endurskoðun verkferla með það fyrir augum að draga úr sóun í starfsemi og veita íbúum þjónustu sem tekur fyrst og fremst mið af þörfum þeirra. Tillagan sem hér um ræðir er mikilvægt innlegg í að þróa þjónustu borgarinnar áfram á jákvæðan og nútímalegan hátt.

Skrifstofa þjónustu og reksturs leggur til að hugað verði að eftirfarandi við afgreiðslu og útfærslu tillögunnar:

- Skrifstofu þjónustu og reksturs var falið fyrir nokkrum misserum að leiða snjallborgarstarf Reykjavíkur og hefur hún unnið að því síðan árið 2013. Haustið 2018 mun þessi starfsemi standa á ákveðnum krossgötum og verður því á næsta ári nauðsynlegt að taka ákvörðun um framhald hennar og hugsanlega staðsetningu innan starfaskipulags borgarinnar.
- Reykjavík getur horft til margra fyrirmýnda hvað varðar uppbyggingu eða skipulags snjallborgar/nýsköpunarverkefna og í tillögunni sem hér er til umfjöllunar einmitt vísað til þess fyrirkomulags sem Helsinkiborg hefur ákveðið. Lagt er til að í tengslum við það verkefni er hér er til umsagnar verði farið í þá vinnu að leggja drög að framtíðarskipulagi snjallborgar- eða nýsköpunarverkefna hjá Reykjavíkurborg.

F.h. Skrifstofu þjónustu og reksturs



Óskar J. Sandhólt, skrifstofustjóri



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Málsnr: *X/17/00028*  
Skjalasafn Ráðhúss  
04. okt. 2017  
Bréfalykill: *20*

Reykjavík, 2 október 2017  
VEL2017090024  
0.7.0

Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur  
101 Reykjavíkur

***Tillaga ásamt greinargerð um kaup á áskrift að rafrænu heimaþjónustukerfi, sbr. tillögu velferðarráðs undir lið nr. 10 í fundargerð velferðarráðs þann 21. september 2017.***

Á 316. fundi velferðarráðs þann 21. september 2017 var lögð fram tillaga ásamt minnisblöðum um innleiðingu á velferðartækni og rafrænni þjónustu.

Velferðarráð samþykkir að óska eftir við borgarráð að við fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2018 verði gert ráð fyrir kaupum á eins árs áskrift að rafrænu heimaþjónustukerfi CareOn eða öðru sambærilegu kerfi. Kostnaður við rafrænt heimaþjónustukerfi er áætlaður 38,5 m.kr.

Tillagan ásamt greinargerð er hér með send borgarráði til samþykktar.

Virðingarfyllst,

  
Regína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri



## Tillaga

### *um kaup á áskrift að rafrænu heimaþjónustukerfi*

Velferðarráð samþykkir að óska eftir við borgarráð aðveita heimild til kaupa á áskrift að rafrænu heimaþjónustukerfi CareOn eða öðru sambærilegu kerfi.

Á fundi Borgarstjórnar Reykjavíkur þann 16. maí 2017 var samþykkt að auka fjárveitingar vegna innleiðingar, rannsókna og nýsköpunar sem tengjast velferðartækni um 100 m.kr. á árinu 2018 og var tillöggunni vísað til meðferðar við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018.

Velferðarsvið hefur verið í samstarfi við fyrirtækið Curron ehf. um þróun á rafræna heimaþjónustukerfinu CareOn. Kerfinu er ætlað að miðla upplýsingum í rauntíma um veitta þjónustu, auðvelða skipulagningu, bæta eftirlit og gæði. Öflug upplýsingamiðlun mun bæta kostnaðareftirlit.

Með rafrænu heimaþjónustukerfi er komið til móts við þörf fyrir skilvirk rafræn samskipti milli starfsfólks, heimila og aðstandenda auk þess sem af aukinni yfirsýn hlýst sparnaður til lengri tíma.

Við fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2018 verði gert ráð fyrir kaup á áskrift að rafrænu heimaþjónustukerfi CareOn frá 1. janúar 2018. Kostnaður við kaup á áskrift á rafrænu heimaþjónustukerfi í eitt ár er metinn á 38,5 m.kr.

  
Regína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri



**Reykjavíkurborg**  
Velferðarsvið

Starfsstaður: Skrifstofa þjónustu heim  
Vinnsla: Þórhildur Egilsdóttir  
Ábyrgðarmaður: Berglind Magnúsdóttir  
Dags. 15.09.2017  
GoPro nr. VEL2015060016

## **Greinargerð**

### *um áskrift á rafrænu heimaþjónustukerfi*

#### ***Forsaga***

Á fundi Borgarstjórnar Reykjavíkur þann 16. maí 2017 var samþykkt að auka fjárveitingar vegna innleiðingar, rannsókna og nýsköpunar sem tengjast velferðartækni um 100 m.kr. á árinu 2018 og var tillögunni vísað til meðferðar við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018.

Velferðarsvið hefur síðan haustið 2014 tekið þátt í ýmsum verkefnum á sviði velferðartækni, aðallega á norrænum vettvangi og með utanaðkomandi styrkjum. Eitt af þeim verkefnum hefur verið við fyrirtækið Curron ehf. um þróun á rafræna heimaþjónustukerfinu CareOn.

#### ***Þróunarsamningar um rafrænt heimaþjónustukerfi***

Í september 2015 gerði velferðarsvið samstarfssamning við fyrirtækið Curron ehf. um þróun á rafræna heimaþjónustukerfinu CareOn. Tækniþróunarsjóður Rannís veitti styrk til verkefnisins er nam 30 milljónum króna til 2 ára. Kerfið miðlar upplýsingum í rauntíma til starfsmanna og stjórnenda um veitta þjónustu. Þetta auðveldar skipulagningu, bætir eftirlit og gæði. Með skilvirkari miðlun upplýsinga, betri yfirsýn og möguleikum á skipulagningu mun þetta einnig leiða til betra kostnaðareftirlits. Sérfræðingar Curron ehf. hafa síðastliðin 2 ár unnið að því að hanna, prófa og þróa hugbúnaðinn í Bústaðahverfi. Heimaþjónustukerfið er nú notað á 20 heimilum við inn- og útskráningu starfsmanna og fá þeir verkefnalista beint í snjallsímana frá teymisstjóra hverfisins. Samstarfsverkefninu lýkur í október 2017.

Þann 15. september 2017 gerði velferðarsvið annan samstarfssamning við Curron ehf. um áframhaldandi þróun á CareOn. Meðviðbótarkerfi fá notendur og aðstandendur nú aðgang að skráningu á heimsóknum heimaþjónustunnar, bæði áætlun og veittri þjónustu. Fram kemur hvaða þjónusta er fyrirhugað að veita, hvenær og hversu lengi og síðan hvaða þjónusta var í



raun veitt. Í dagbók notenda birtast heimsóknir heimaþjónustunnar og aðstandendur geta skráð heimsóknir sínar sem um leið verða sýnilegar öðrum. Starfsfólk heimaþjónustunnar, notendur og aðstandendur verða í gagnvirkum samskiptum gegnum snjallsíma eða spjaldtölvu. Þeir geta sent rafrænar tilkynningar, kvartanir, skilaboð, fyrirspurnir, hrós og fleira. Hægt verður að svara slíkum skilaboðum og verða öll svör rekjanleg. Þróunarverkefnið er staðsett hjá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis en velferðarsvið leggur til vinnuframlag teymisstjóra og aðgengi að starfsmönnum heimaþjónustuteymis í Bústaðahverfi til að þróa tæknilausnina. Velferðarsvið verður svokallað „test bed“ fyrir verkefnið en Curron leggur til alla sérfræðiþekkingu tengt hugbúnaðarþróun.

Verkefnið hófst 15. september 2017 og lýkur í október 2019.

Á sama tíma var gerður þrjúða samningur milli Curron ehf., TM Software og Landalæknisembættisins en Curron ehf. hefur sótt um 50 m.kr. styrk til Tækniþróunarsjóðs Rannís vegna þessara verkefna. Í samstarfi við Landlæknisembættið er stefnt að því að ákveðnar upplýsingar um notenda berist beint frá heilbrigðiskerfinu í heimaþjónustukerfið. Þetta geta t.d. verið upplýsingar um tíma hjá lækni, upplýsingar um að notendi hafi lagst á spítala, þegar hann útskrifast af spítala, fær hvíldarinnlögn o.fl.

Áður en heimaþjónustukerfið yrði tekið í notkun þarf að gera áhættumat á gagnaöryggi. Auk þess leggja vinnu í að tengja hugbúnaðinn við heimaþjónustugrunn málaskrár þannig að upplýsingar fari óhindrað þar á milli.

#### *Kostnaðaráætlun frá skrifstofu fjármála og reksturs*

Ef farið verður í áframhaldandi vinnu við CareOn má gera ráð fyrir 37,5 m.kr. kostnaði á ársgrundvelli. Áður en kerfið yrði tekið í notkun þyrfti, til þess að tryggja ítrustu kröfur um persónuvernd að gera áhættumat á gagnaöryggi CareOn. Matið er talið kosta um 1 m.kr. Áskrift að heimaþjónustukerfinu CareOn kostar fyrir hvern notanda á mánuði um 850 kr. Ef miðað er við fjölda notenda á árinu 2016 var hann um 3.674 yrði kostnaður vegna áskriftar því um 37,5 m.kr. á ári. Annar kostnaður er ómetinn en gera má ráð fyrir kostnaði vegna tengingar á milli CareOn og heimaþjónustugrunn málaskrár.

#### *Samantekt:*

Í samræmi við starfsáætlun velferðarsviðs 2016-2017 og samþykkt borgarstjórnar frá 16. maí 2017 um að vísa tillögu um 100 m.kr. auka fjárveitingu vegna velferðartækni á árinu 2018 til meðferðar við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018 er lagt til að að keypt verði áskrift að rafrænu heimaþjónustukerfi CareOn eða öðru sambærulegu kerfi frá 1. janúar 2018.

Kostnaður við kaup á áskrift að heimaþjónustukerfi er metinn á alls um 37,5 m.kr. á ári, auk 1 m.kr. upphafskostnaðar fyrir árið 2018 vegna áhættumats á gagnaöryggi og kostnaðar vegna tengingar við heimaþjónustugrunn málaskrár.



Reykjavík, 1. nóvember 2017  
Tilvísun í mál: R17100028

Til borgarráðs  
Ráðhús Reykjavíkur

**Efni: Umsögn um tillögu um kaup á áskrift að rafrænu heimaþjónustukerfi**

Vísað er til bréfs, dags. 12. október 2017, þar sem óskað er eftir umsögn skrifstofu þjónustu og reksturs um tillögu velferðarsviðs um kaup á áskrift að rafrænu heimaþjónustukerfi, sbr. 10 lið fundargerðar velferðarráðs frá 21. september 2017.

Skrifstofa þjónustu og reksturs fagnar heilshugar tillögum sem miða að því að innleiða umbætur, efla nýsköpun og framþróun í þjónustu sem og endurskoðun verkferla með það fyrir augum að draga úr sóun í starfsemi og veita íbúum þjónustu sem tekur fyrst of fremst mið af þörfum þeirra fremur en öðru. Kjarni þeirrar tillögu sem hér um ræðir miðar að ofangreindu og hugmyndin að baki tillögunni er líkleg til að þróa mikilvæga þjónustu borgarinnar áfram á jákvæðan og nútímalegan hátt.

Skrifstofa þjónustu og reksturs leggur til að hugað verði að eftirfarandi við afgreiðslu og útfærslu tillögunnar:

- Skrifstofa þjónustu og reksturs telur almennt ekki heppilegt að halda tilraunaverkefnum gangandi yfir langt árabil. Því er bent á að skoðað verði hvort heppilegra geti verið að fara aðra leið til að ná því marki er hér um ræðir. Líklegt er að á markaði séu nokkrar sambærilegar lausnir, bæði hérlendis sem erlendis.
- Hvað varðar tilraunaverkefni er bent á að skoða hvort framlag borgarinnar í slík verkefni, þar sem lögð er til þekking eða reynsla starfsmanna en ekki endilega fjármunir, eigi að meta á einhvern hátt til fjár eða eignarhalds í þeim lausnum sem verið er að þróa.
- Velji menn að fara í tilraunaverkefni er bent á að hægt er að fara í samstarf við fleiri en einn aðila um sambærilega lausn. Slíkt getur skapað samkeppni, breikkað lausnaframboð og e.t.v. leitt til enn athyglisverðari niðurstaðna en ella.

F.h. Skrifstofu þjónustu og reksturs



Óskar J. Sandholt, skrifstofustjóri





Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

***Tillaga, dags. 2. nóvember 2017, um fjárveitingu vegna neyðarástands í búsetuúrræðum barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir.***

Á fundi velferðarráðs þann 2. nóvember 2017, var lögð fram tillaga, dags. 2. nóvember 2017, um fjárveitingu vegna neyðarástands í búsetuúrræðum barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir, ásamt minnisblaði, dags. 2. nóvember 2017 og bréfi til velferðarráðuneytisins, dags. 23. ágúst 2017.

Tillagan var samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna, Pírata og áheyrnarfulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina lögðu fram eftirfarandi bókun:

Allt frá árinu 2013 hefur ríkt óvissa um stöðu hóps barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Niðurstaða endurmats á tilfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga leiddi í ljós að um 400 milljónir króna vantaði frá ríkinu vegna málefna þessara barna. Í samkomulagi sem gert var milli ríkis og sveitarfélaga í kjölfar endurmats féll málið enn og aftur milli skips og bryggju. Verkefnið hefur ekki enn verið að fullu fjármagnað í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og ljóst er að það vantar tæpar 290 milljónir í þjónustuna á árinu 2017. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga með stuðningi Sambands íslenskra sveitarfélaga, hafa engin svör borist við því hvernig ríkið ætlar að sinna sínum skyldum í þessum málaflokki. Fulltrúarnir ítreka mikilvægi þess að leysa málefni þessa hóps sem fyrst.

Þetta er hér með sent borgarráði til samþykktar.

Virðingarfyllst,

Regina Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri





Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Reykjavík, 2. nóvember 2017  
VEL2014040008  
319. fundur  
RÁ/kg/asa

**Viðtakandi:** Velferðarráð  
**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

***Efni: Tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs um fjárveitingu vegna neyðarástands í búsetuúrræðum barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir***

Lagt er til að fjárveiting vegna sértækra búsetuúrræða fyrir börn með þroska- og geðraskanir verði aukin um 286,5 mkr. Heildarútgjöld þjónustu við þennan hóp eru áætluð um 530 mkr. Fjárheimild er 243,5 m.kr. og því er óskað eftir hækkun á fjárheimild á kostnaðarstað F4120 Samningar og styrkir - Málefni fatlaðra, verkefni F4404 börn með þroska og geðraskanir, sem nemur 286,5 m.kr.

**Greinargerð:**

Allt frá árinu 2013 hefur óvissa ríkt um stöðu lítils hóps barna og unglinga með alvarlegar þroska- og geðraskanir, bæði með tilliti til skorts á úrræðum og óljósrar ábyrgðar ríkis og sveitarfélaga á málaflokknum. Niðurstaða verkefnisstjórnar um faglegt og fjárhagslegt endurmat á tilfærslu á þjónustu fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga, sem kom út í lok 2015, var að á fjórða hundrað milljónir króna vantaði frá ríkinu vegna málefna barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Í samkomulagi sem gert var í kjölfarið var þetta úrlausnarefni enn á ný skilið eftir. Þessi kostnaður lendir því af fullum þunga á þeim sveitarfélögum sem í hlut eiga hverju sinni.

Þessi staða hefur m.a. orðið til þess að bið hefur orðið á uppbyggingu á þjónustu við þennan hóp. Eftir viðræður við velferðarráðuneytið nú á haustmánuðum er það ljóst að ekki fæst fjárveiting fyrr en á árinu 2018 eins og fjármálaáætlun ríkisins gerir ráð fyrir. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir 2018 er gert ráð fyrir 150 mkr. framlagi til þjónustu og annarra úrræða vegna þessara barna og síðan er gert ráð fyrir viðbót að fjárhæð 350 mkr. á árinu 2019, þannig að það ár yrðu til ráðstöfunar 500 mkr. Til skoðunar er að fela Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að taka við fjármagninu og deila til þeirra sveitarfélaga sem veita umræddum börnum þjónustu og önnur úrræði og er ráðuneytinu kunnugt um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir nú þegar tilteknum sveitarfélögum framlög í þessum tilgangi. Yrði framlagið sérstaklega eyrnamerkt úrræðum til handa börnum með alvarlegar þroska og geðraskanir, sbr. einnig ákvæði í frumvarpi til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, sem vonandi verður samþykkt á komandi Alþingi. Velferðarsvið leggur þá til að fjárheimild sviðsins lækki sem nemur fjárveitingum til verkefnisins ár hvert

Fjárheimild velferðarsviðs fyrir árið 2017 er 243,5 mkr fyrir þennan hóp barna. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður 483,5 mkr. og tekjur frá ríkinu að fjárhæð 240 mkr. Áætlaður kostnaður ársins 2017 er um 530 mkr og því ljóst að forsendur fjárhagsáætlunar eru brostnar.

Í dag eru níu einstaklingar á aldrinum 8-19 ára sem þarfnast umfangsmikillar og sérhæfðar þjónustu á grundvelli vanda þeirra. Sjö hafa fengið búsetuþjónustu á grundvelli samninga við

Vínakot ehf. en samningar vegna tveggja einstaklinga til viðbótar, sem eru að renna út, verða ekki endurnýjaðir og því þarf að sérsníða þjónustu fyrir þá einstaklinga.

Vísað er til meðfylgandi minnisblaðs velferðarsviðs dags. 2. nóvember 2017 ásamt bréfi sviðsstjóra til heilbrigðisráherra og velferðarráðherra dags. 23 ágúst.2017.





Lagt fyrir fund velferðarráðs 2. nóvember. 2017

## Minnisblað

**Efni** Staða barna með alvarlegar þroska og geðraskanir

### Forsaga:

Í nóvember 2013 gaf velferðarráðuneytið út skýrslu um samhæfða þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Tilurð skýrslunnar var vandi fámenns hóps barna sem þurfti á öflugum og samhæfðu úrræði að halda. Úrlausn þessara flóknu mála hafði legið hjá mörgum aðilum og ekki virtist hafa verið ljóst hver bæri meginábyrgð á því að börnin nytu nauðsynlegrar þjónustu og umönnunar. Af því tilefni skipaði velferðarráðherra nefnd sem var falið að samhæfa þjónustu ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að tryggja betur en nú er gert samhæfða þjónustu.

Málefni barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir hafa áður verið kynnt velferðarráði Reykjavíkur.

Þann 10. apríl 2014 var lagt fram minnisblað vegna kynningarbréfs velferðarráðuneytisins á niðurstöðu nefndar um samhæfða þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Velferðarráð samþykkti eftirfarandi bókun:

*Velferðarráð vill sinna börnum í fjölþættum vanda og fagnar því að ábyrgðin verði skýr og á einni hendi. Það er hins vegar skýr krafa Reykjavíkurborgar að fjármagn komi til viðbótar frá ríkinu til að borginni sé unnt að sinna þessari og annarri nauðsynlegri þjónustu við fatlaða íbúa borgarinnar. Nú liggur fyrir að sveitarfélögunum beri að sinna börnum með fjölþættan vanda skv. niðurstöðum starfshóps sem vann á vegum velferðarráðuneytisins og er nú lögð fyrir velferðarráð. Í bréfi velferðarráðuneytisins sem kynnir tillögur til framtíðar segir að; “kostnaður sveitarfélaganna vegna aukinnar þjónustu sem í tillögum starfshópsins felst, verði tekinn til sérstakrar athugunar í endurskoðun á yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks.“ Endurskoðuninni mun ekki ljúka fyrr en haustið 2014 og því gengur það álit Barnaverndarstofu sem fram hefur komið að sveitarfélögin taki við nú þegar, ekki upp. Það þarf að innleiða allar tillögurnar sem kynntar eru samtímis t.d. skipan sérfræðiteymis þvert á samstarfsstofnanir. Gert er ráð fyrir töluverðu samstarfi sveitarfélaganna við BUGL, Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins og heilsugæsluna. Báðir aðilar verða að standa við sitt og ekki vísa hver á annan. Reykjavíkurborg mun ekki líða að ríkið dragi úr sinni þjónustu eins og nýlega hefur verið gert í Þroska og hegðunarmiðstöð heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu – þegar gert er ráð fyrir*

*snemmtækri íhlutun heilsugæslunnar skv. þessum tillögum í málum barna með sérþarfir. Samband íslenskra sveitarfélaga segir í sínu bréfi að það sé löngu orðið tímabært að ráðast í heildstæða stefnumótun á sviði barnaverndarmála þar sem hugað verði sérstaklega að því hvaða úrræði þurfa að vera í boði til þess að Barnaverndarstofa og barnaverndarnefndir sveitarfélaga geti sinnt sínu lögbundna hlutverki. Velferðarráð tekur undir þetta álit og Reykjavíkurborg lýsir sig reiðubúna til að koma inn í þá vinnu sem fyrirhuguð er í þessu sambandi*

Þann 21. ágúst 2014 var aftur lagt fram minnisblað um þjónustu um börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir.

Þann 7. maí 2015 var kynnt staða þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir, um var að ræða trúnaðarmál (ekkert bókað)

Á fundi borgarráðs þann 19. maí 2016 var lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 27. apríl 2016 til velferðarráðuneytisins með ítrekun á beiðni um viðbrögð vegna neyðarástands í málefnum barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Borgarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

*Borgarráð lýsir yfir áhyggjum sínum vegna þeirra stöðu sem uppi er í málefnum barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Málefni þessa litla en viðkvæma hóps barna með alvarlegan vanda hefur um langt skeið verið í ólestri, ekki síst vegna aðgerð- og viðbragðsleysis ríkisins gagnvart þessum hópi. Borgarráð minni á þá skýru og afdráttarlausu skyldu ríkisins sem rakin er í 70. gr. barnaverndarlaga gagnvart þessum hópi barna. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga meðal annars með tilstyrk Sambands íslenskra sveitarfélaga, hafa engin svör borist við því hvernig ríkið ætlar að sinna sínum skyldum í þessum málaflakki. Þetta er alvarlegt viðbragðsleysi af hálfu ríkisins sem hefur haft í för með sér að þessi viðkvæmi hóppur barna hefur ekki notið þeirrar heilbrigðisþjónustu og meðferðar sem ríkinu ber að veita lögum samkvæmt, með ófyrirsjáanlegum og óbætanlegum afleiðingum. Þessu aðgerðarleysi verður að linna.*

Þann 2. júní 2016 var fundur í velferðarráðuneytinu með fulltrúum úr velferðarráðuneytinu, innanríkisráðuneyti þ.a.m. frá jöfnunarsjóði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Tekið var undir það sjónarmið sveitarfélaganna að um væri að ræða verkefni sem orðið hefði eftir hjá ríkinu við yfirerslu á málaflakki fatlaðs fólks, verkefnin hefðu færst yfir í kjölfarið án fullnægjandi fjármangs frá ríki til sveitarfélaga og ekki hefði verið tekið á þessu í endurmatsvinnunni heldur málið vís vitandi verið skilið eftir.

Með bréfi dagsettu 23. ágúst 2017 óskaði sviðsstjóri velferðarsviðs eftir fundi með félags- og jafnréttisráðherra og heilbrigðisráðherra til að vekja athygli á og ræða þá alvarlegu stöðu sem ríkir í málefnum barna og ungmenna með alvarlegar þroska- og geðraskanir og mögulegar leiðir til lausna.

**Greinargerð:**

Frá því að skýrsla starfshóps velferðarráðuneytisins var gefin út í nóvember 2013 hefur Reykjavíkurborg lagt sig fram um að nálgast málefni umræddra barna á grundvelli tillagna starfshóps ráðuneytisins. Á sama tíma hefur verið beðið viðbragða ráðuneytisins bæði hvað varðar fjármögnun og frekari leiðbeininga er varðar mat á

þjónustubörf, sbr. það hlutverk sem sérfræðiteymi velferðarráðuneytisins var ætlað á sínum tíma. Því má segja að ríkt hafi óvissu ástand sem m.a. hefur hamlað nauðsynlegri uppbyggingu á úrræðum fyrir umræddan hóp barna.

Fyrir liggur það mat ráðherra og velferðarráðuneytisins að stór hluti þessa kostnaðar skuli borinn af ríkinu. Niðurstaða verkefnisstjórnar um faglegt og fjárhagslegt endurmat tilfærslu á þjónustu fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga, sem kom út í lok 2015, var að á fjórða hundrað milljónir króna vantaði frá ríkinu vegna málefna barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir.

Í samkomulagi sem gert var í kjölfarið var þetta úrlausnarefni enn á ný skilið eftir. Þessi kostnaður lendir því af fullum þunga á þeim sveitarfélögum sem í hlut eiga hverju sinni.

#### **Staðan í dag:**

Í dag eru það níu einstaklingar á aldrinum 8-19 ára sem þarfnast umfangsmikillar og sérhæfðar þjónustu á grundvelli vanda þeirra. Sjö einstaklingar hafa fengið búsetuþjónustu á grundvelli samninga við Vinakot ehf. Einn samningur er útrunninn og var ekki endurnýjaður og ljóst að ekki verður gengið til áframhaldandi samninga þegar annar samningur rennur út í janúar 2018. Tvö ungmenni sem notið hafa þjónustu Vinakots ehf. biða eftir dómi en þau eru bæði metin sakhæf.

Brýnt er að finna 8 ára barni varanlega búsetulausn og verið að skoða möguleika í því sambandi. Hins vegar er ljóst að ekki verður gengið til samninga við Vinakot þar um.

Málefni allra þessara barna og ungmenna hafa verið til meðferðar Barnaverndar Reykjavíkur.

Reykjavíkurborg hefur fengið framlög úr Jöfnunarsjóði vegna þriggja barna/ungmenna en í fyrrnefndri skýrslu starfshóps sem og á fundum með velferðar- og innanríkisráðuneytinu hefur komið fram að um viðbótarfjármagn yrði að ræða en ekki að þjónustan yrði fjármögnuð af framlögum til málaflokks fatlaðs fólks. Nú liggur fyrir í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar að leggja eigi aukið fjármagn í þennan málaflokk eða 150 mkr. árið 2018 og 500 mkr. næstu fjögur ár þar á eftir. Gert er ráð fyrir að á landinu öllu séu þetta á bilinu 8-12 einstaklingar sem þurfa á þessari sértæku þjónustu að halda og ef miðað er við að þeir séu tólf á landinu öllu og þar af átta í Reykjavík má gera ráð fyrir framlagi frá ríki uppá 100 mkr. árið 2018 og svo um 333 mkr. á ári næstu fjögur ár.

#### **Niðurstaða:**

Ljóst er að fátt er um svör hjá ríki um hvernig byggja eigi upp þjónustu við þann hóp barna sem þarfnast viðamikillar félags- og heilbrigðisþjónustu vegna alvarlegs vanda. Sú staða hefur m.a. orðið til þess að bið hefur orðið á uppbyggingu þjónustu við þennan hóp. Það er mat sérfræðinga velferðarsviðs að mikilvægt sé að huga að frekari uppbyggingu þjónustunnar og megináhersla á að þjónustan sé veitt innan velferðarsviðs.





Velferðarráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105Reykjavík

Reykjavík 23. ágúst 2017

**Efni:** Beiðni um fund með félags- og jafnréttismálaráðherra og heilbrigðisráðherra vegna barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir.

Undirrituð óskar eftir fundi með félags- og jafnréttisráðherra og heilbrigðisráðherra til að vekja athygli á og ræða þá alvarlegu stöðu sem ríkir í málefnum barna og ungmenna með alvarlegar þroska- og geðraskanir og mögulegar leiðir til lausna.

Í nóvember 2013 gaf velferðarráðuneytið út skýrslu með tillögum um samhæfða þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Tilurð skýrslunnar var vandi fámenns hóps barna sem þurfti á öfluglu og samhæfðu úrræði að halda en úrlausn þessara flóknu mála hafði verið í höndum margra aðila og ekki virtist hafa verið ljóst hver bæri meginábyrgð á því að börnin nytu nauðsynlegrar þjónustu og umönnunar.

Meðfylgjandi er samantekt velferðarsviðs Reykjavíkurborgar á stöðunni í málaflokknum frá því skýrslan kom út. Þar kemur m.a. fram að sveitarfélögin hafi borið hitann og þungann af málaflokknum á undanförunum árum. Jafnframt að mjög hafi dregið úr aðkomu Barnaverndarstofu að umræddum hópi barna og að sama skapi vísi Barna- og unglingsgeðdeild ábyrgðinni yfir á sveitarfélögin með tilvísun í að vista þurfi börn utan heimilis vegna alvarlegs vanda þeirra. Eða eins og fram kemur í bréfi Barna- og unglingsgeðdeildar frá því í júlí 2017 „Það er mat undirritaðra að meðferðarúrræði er af skornum skammti fyrir barn með þennan vanda, því teljum við að Vinakot myndi henta honum best og besti kosturinn í erfiðri stöðu. Úrræði á vegum þjónustumiðstöðva er hvergi nærri að mæta þeirri umönnunarþörf sem hann þarf á að halda. Staðan er mjög alvarleg og afar brýnt er að barnavernd bregðist skjótt við í þessari alvarlegu stöðu sem nú er orðin því langtímadvöl á lokaðri bráðageðdeild er óforsvaranleg. Því er það ósk undirritaðra að fundað verði hið fyrsta með barnavernd um mögulega vistun á Vinakoti eða sambærilegu vistunarúrræði á vegum barnaverndar“.

Reynsla Reykjavíkurborgar af þjónustu við börn og ungmenni með alvarlegar þroska- og geðraskanir hefur leitt í ljós að vandi þeirra er slíkur að fóst búseta, án viðeigandi meðferðar- og geðheilbrigðisþjónustu, er einungis brot af lausn vandans og tryggja þarf sérstaklega samfellda geðheilbrigðisþjónustu og meðferð af hálfu ríkisins.

Á fundinum er óskað eftir að ræða með hvaða hætti ríkið hyggst veita börnum og ungmennum með alvarlegar þroska- og geðraskanir þjónustu og hvernig styrkja eigi mikilvæga þjónustu annars og þriðja stigs stofnana ríkisins til að mæta vandanum samhliða þjónustu sveitarfélaga.

Óskað er eftir fundi með félags- og jafnréttismálaráðherra og heilbrigðisráðherra á tímabilinu 15. september til 1. október 2017. Helga Sigurlaug Sigurðardóttir, á skrifstofu sviðsstjóra, helga.sigurlaug.sigurdardottir@reykjavik.is, mun fylgja málinu eftir með tillögum að hentugum tíma.

Virðingarfyllt

  
Regina Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

**Fylgiskjöl:**

1. Samantekt dags 18. ágúst 2017.
2. Yfirlit yfir samskipti velferðarsviðs við velferðaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga um börn með alvarlegar þroska og geðraskanir, 2014- 2017.

**Efni:** Samantekt á stöðu barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir  
**Dags.:** 18. ágúst 2017  
**Unnið af:** Kristjana Gunnarsdóttir skrifstofustjóri skrifstofu ráðgjafarþjónustu

Í nóvember 2013 gaf velferðarráðuneytið út skýrslu með tillögum um samhæfða þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Í skýrslunni kemur fram sú niðurstaða að þjónusta við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir eigi í meginatriðum heima innan þjónustukerfis fatlaðs fólks. Þar væri til staðar þekking og reynsla af mismunandi fötlunum og aðgengi að mikilvægri nærþjónustu sveitarfélaga, hvort sem um er að ræða almenna félagsþjónustu, sérhæfða þjónustu vegna fötlunar eða barnavernd. Tillögur starfshópsins lúta m.a. að samfellu í búsetu, samhæfðri þjónustu við börn og foreldra og snemmtækri íhlutun. Í skýrslunni kemur fram það mat að á hverjum tíma eru um átta til tólf börn á landinu öllu sem þurfa sértæka þjónustu og þar af telur velferðarsvið Reykjavíkurborgar að um sex til átta þeirra séu búsett í Reykjavík.

Frá því að skýrsla starfshóps velferðarráðuneytisins var gefin út hefur velferðarsvið/Reykjavíkurborgar lagt sig fram um að nálgast málefni umrædds hóps barna á grundvelli þeirra tillagna sem fram koma í skýrslunni. Skerpt hefur verið á samstarfi þjónustumiðstöðva og Barnaverndar til að þau börn sem hafa verið til meðferðar í barnaverndarkerfinu fá samhæfða og áframhaldandi þjónustu á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, þegar afskiptum Barnaverndarnefnda lýkur, eða ungmenni hafa náð 18 ára aldri. Gerðir hafa verið samningar við þriðja aðila, t.d. Vinakot ehf. og Ylfu ehf. til að tryggja börnum búsetuþjónustu og aðra þjónustu ásamt því að stuðningsúrræði velferðarsviðs hafa verið eflid. Til að tryggja samfellu í þjónustu hafa einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir verið innleiddar og fjármagn aukið til að ráða fagfólk til starfa á þjónustumiðstöðvum með reynslu og þekkingu á málaflokki fatlaðs fólks. Á sama tíma hefur verið beðið viðbragða ráðuneytisins bæði hvað varðar fjármögnun og frekari leiðbeiningar er varðar mat á þjónustuþörf, sbr. það hlutverk sem sérfræðiteymi velferðarráðuneytisins var ætlað á sínum tíma. Því má segja að ríkt hafi óvissuástand sem hamlað hefur nauðsynlegri uppbyggingu á úrræðum fyrir umræddan hóp sem þurfa að vera til staðar bæði hjá sveitarfélögum og ríkinu.

Á fundum starfsmanna velferðarsviðs og velferðarráðuneytisins hefur komið fram að það sé mat ráðuneytisins að ríkið skuli bera stóran hluta þess kostnaðar sem fellur til vegna þessa hóps barna. Í skýrslu verkefnisstjórnar um endurmat á yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá nóvember 2015 kemur fram að á fjórða hundrað milljónir króna vantaði frá ríkinu vegna málefna barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Í lokasamkomulagi ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk, undirritað 11. desember 2015, var þetta úrlausnarefni enn á ný skilið eftir. Þessi kostnaður lendir því af fullum þunga á þeim sveitarfélögum sem í hlut eiga hverju sinni.

Reykjavíkurborg hefur fengið framlög úr Jöfnunarsjóði vegna þriggja barna/ungmenna en í fyrirnefndri skýrslu starfshóps velferðarráðuneytisins sem og á fundum með starfsfólki velferðarráðuneytisins og þáverandi innanríkisráðuneyti hefur komið fram ósk frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar að um viðbótarfjármagn yrði að ræða vegna barna sem glíma við þroska- og geðraskanir en ekki að þjónustan yrði fjármögnuð af framlögum til málaflokks fatlaðs fólks, þ.e. að fjármagn til annarra þátta verði ekki skert sem þessari upphæð nemur. Nú liggur fyrir í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2017-2021 að leggja eigi aukið fjármagn í málaflokk barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir eða 150 m.kr. árið 2018 og 500 m. kr. á ári næstu fjögur ár þar á eftir. Gert er ráð fyrir að á landinu öllu séu á bilinu átta til tólf einstaklingar sem þurfa á þessari sértæku þjónustu að halda. Ef miðað er við að einstaklingarnir séu sex til átta í Reykjavík verður framlag ríkisins til Reykjavíkurborgar 100 m.kr. árið 2018 og svo um 333 m.kr. á ári næstu fjögur ár. Ef miðað er við 8 einstaklinga á ári má gera ráð fyrir 46,6 m.kr. framlagi á einstakling á ári árin 2019-2022.

Það er mat velferðarsviðs að innan núverandi þjónustukerfis fatlaðs fólks þurfi að byggja upp viðeigandi úrræði hjá sveitarfélögunum sem og hjá ríkinu til að mæta þjónustubörfum umrædds hóps. Í þessu sambandi er vísað til skýrslu Ríkisendurskoðunar frá febrúar 2016 þar sem fram kemur að skýra þurfi skipulag og forsendur geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga á öðru og þriðja þjónustustigi.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur verið sett í þá stöðu að þurfa að mæta kröfum Barna- og unglingsgeðdeildar um að vista börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir utan heimilis þeirra, þegar gögn benda til að þau þurfi á langvarandi meðferð þriðja stigs stofnunar að halda og jafnvel öryggisvistunar. Jafnframt er það mat sérfræðinga velferðarsviðs að Barnaverndarstofa hafi ekki náð að sinna börnum og ungmönnum með fötlun og/eða alvarlegar þroska- og geðraskanir í sínu þjónustukerfi og þannig sitji sveitarfélögin uppi með ábyrgð á þjónustukeðjunni.

Áréttað er að það er mat velferðarsviðs að umræddur hópur barna þarfnast ekki eingöngu varanlegrar búsetu sem er á ábyrgð sveitarfélaga heldur einnig viðeigandi geðheilbrigðisþjónustu sem er á ábyrgð ríkisins að veita, annaðhvort á langtíma legudeildum eða þá með eftirfylgd á heimilum barnanna.

Nú er svo komið að velferðarsvið telur að með aðgerðarleysi ríkisins sé verið að brjóta alvarlega á rétti barna til viðeigandi þjónustu. Það er mat sérfræðinga sviðsins að til að hægt sé að mæta þörfum barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir sé ekki nægjanlegt að sveitarfélögin efla sína þjónustu heldur verður ríkið að tryggja þessum hópi barna viðeigandi heilbrigðisþjónustu t.d. með eflingu langtímameðferðar undir stjórn barna- og unglingsgeðdeildar og Barnaverndarstofa verður að tryggja börnum fósturráðstöfun til lengri tíma með eftirfylgd heilbrigðiskerfisins og öflugum stuðningi við fósturforeldra. Mörg þessara barna glíma við alvarleg veikindi og



þarfnast þjónustu frá heilbrigðiskerfinu m.a. í formi búsetumeðferðar sem felur í sér að sveitarfélögin tryggja einstaklingum búsetu en ríkið þá meðferð sem þarf að fara fram innan búsetunnar. Vandí þeirra er jafnframt þess eðlis að sum þeirra geta ekki búið á heimili með öðrum, og þurfa jafnvel að vera undir eftirliti allan sólarhringinn. Velferðarsvið hefur áður sent velferðarráðuneytinu upplýsingar um stöðu þessa hóps barna, sbr. bréf dagsett 21. apríl 2017. Leita verður allra leiða til að tryggja að börn búi við sem eðlilegastar heimilisaðstæður og umhverfi ef þau geta ekki dvalið á heimilum sínum.

Ekki þarf að fjölyrða um hversu mikilvægt það er að veita umræddum börnum góða og viðeigandi þjónustu strax og fyrir liggur hvers eðlis vandí þeirra er. Það er ekki aðeins nauðsynlegt til að tryggja að lífsgæði þeirra og aðstandenda þeirra verði eins góð og kostur er í ljósi allra aðstæða heldur er það mikilægt til að draga úr líkum á að hlutaðeigandi einstaklingar verði utangarðs í samfélaginu þegar þeir eldast og verði jafnvel sjálfum sér og/eða öðrum skaðlegir. Hér standa því ekki aðeins mannúðarrök til að vanda vel til verka heldur má telja líklegt að röksemdir um fjárhagslegan kostnað samfélagsins leiði almennt til sömu niðurstöðu.



Fylgiskjal 2: Yfirlit yfir samskipti velferðarsviðs við velferðarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga vegna barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir frá mars 2014.


1. Bréf velferðarráðuneytisins dags. 26. mars 2014 um kynningu á niðurstöðum nefndar um samhæfða þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir.
2. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 8. apríl 2014 varðandi kynningu á niðurstöðum nefndar um samhæfða þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir.
3. Bréf velferðarsviðs til velferðarráðuneytisins dags. 15. apríl 2014 vegna niðurstöður nefndar um samhæfða þjónustu við börn með alvarlegar þroska – og geðraskanir.
4. Bréf velferðarsviðs til velferðarráðuneytisins, dags. 20. júní 2014 um þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir.
5. Bréf velferðarráðuneytisins til velferðarsviðs dags. 26. júní 2014
6. Tölvupóstur velferðarsviðs til velferðarráðuneytisins dags. 28. janúar 2015 vegna reglugerða sem taka til heimila fyrir börn.
7. Minnisblað velferðarráðuneytisins dags. 24. febrúar 2015 vegna fundar um úrræði fyrir fatlað barn með miklar þroska- og geðraskanir.
8. Tölvupóstur, dags. 27. febrúar 2015, á milli velferðarráðuneytisins og velferðarsviðs vegna efni fundar þann 24. febrúar 2015.
9. Bréf velferðarsviðs til velferðarráðuneytisins dags. 2. júlí 2015 um beiðni um kostnaðarþátttöku ríkisins vegna þjónustu Reykjavíkurborgar við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir.
10. Tölvupóstur vegna beiðni velferðarsviðs um fund með velferðarráðuneytinu, dags. 18. ágúst, 9. september, 21. okt. og 22. okt. 2015.
11. Bréf velferðarsviðs til félags- og húsnæðismálaráðherra dags. 27. apríl 2016, með afriti til embættis Landlæknis, Ríkisendurskoðunar og stjórnar sambands íslenskra Sveitarfélaga.
12. Bréf til velferðarsviðs til velferðarráðuneytisins vegna bókunar velferðarráðs 26. maí 2016, dags. 27. maí 2016.
13. Samantekt um umfang þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir sent til sambands íslenskra Sveitarfélaga, þann 22. júní 2016 á grundvelli fundar með velferðarráðuneytinu og fl. þann 2. júní 2016.
14. Tölvupóstur sviðsstjóra til ráðuneytis og sambands í íslenskra sveitarfélaga, dag. 13. janúar 2017.
15. Tölvupóstur til velferðarráðuneytisins 15. mars 2017 um málefni barna með alvarlegar þroska og geðraskanir.
16. Svar velferðarsviðs við fyrirspurn velferðarráðuneytisins vegna vistunar barna utan heimilis, dags. 21. apríl 2017.





BRUNABÓT

Borgarstjórn Reykjavíkur  
Dagur B. Eggertsson borgarstjóri  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK



Kópavogi, 30. október 2017.

### Ágóðahlutagreiðsla 2017

Á síðasta aðalfundi fulltrúaráðs EBÍ var samþykkt að áfram skuli hluti hagnaðar af starfsemi félagsins árlega greiddur til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutar. Jafnframt var áréttað að ætíð eigi að taka mið af meginmarkmiðum fjárfestingastefnu EBÍ við ákvörðun endanlegrar greiðslu.

Meginmarkmið fjárfestingastefnu EBÍ er að greiða aðildarsveitarfélögunum árlega út ágóðahlut en með þeim fyrirvara að lágmarkaðar séu líkur á að höfuðstóll skerðist við útgreiðslu. Á aðalfundinum var farið mjög ítarlega í fjárfestingastefnu félagsins og stefnumörkun varðandi ágóðahlutagreiðslu til aðildarsveitarfélaganna.

Stjórn EBÍ hefur það að markmiði að útgreiðsla ágóðahlutans minnki líkur á að gengið sé á eigið fé félagsins til lengri tíma og jafni út sveiflur í greiðslu ágóðahlutans. Til að fullnægja þessum skilyrðum hefur verið litið til meðalhækkunar eigin fjár síðustu þriggja ára og að öllu jöfnu verði ekki greiddur út lægri ágóðahlutur en 50 milljónir og ekki hærri en 250 milljónir.


Ljóst er að eigið fé félagsins hefur lækkað ef litið er til meðaltals síðustu þriggja ára því ákvað stjórn EBÍ að greiddar verði út 50 milljónir króna til aðildarsveitarfélaganna fyrir árið 2017.

Árið 1998 markaði upphaf ágóðahlutagreiðslna til aðildarsveitarfélaga EBÍ og er ánægjulegt að geta tilkynnt að á núvirði hafa verið greiddir út úr félaginu um **6,3 milljarðar** á þessu tímabili.

Hlutdeild Reykjavíkurborgar í Sameignarsjóði EBÍ er 0,519 % og greiðsla ársins þann 31. október verður þá hlutfall af kr. 50 milljónum eða kr. **259.500.-**

Aðstæður á fjármálamörkuðum hafa ekki alltaf verið hagfelldar en þrátt fyrir það mun félagið áfram hafa það að leiðarljósi að vera traustur bakhjarl í forvarnarstarfi og að ávöxtun félagsins renni til aðildarsveitarfélaganna, íbúum þeirra til hagsbóta.

Með bestu kveðju,

  
Anna Sigurðardóttir  
framkvæmdastjóri EBÍ.



Reykjavíkurborg  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

Málsnr.: R17110053  
Skjalasafn Ráðhúss  
08. nóv. 2017  
Bréfalykill: 6250-0

Reykjavík 6. nóvember 2017  
UST201710-081/M.I.K.  
08.14.00

**Efni: Upplýsingagjöf sveitarstjórna við útgáfu og endurskoðun á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs**

Umhverfisstofnun vekur athygli á breytingu sem gerð var á 6. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, en greinin fjallar um svæðisáætlanir sveitarstjórna um meðhöndlun úrgangs. Breytingin tók gildi 1. júní 2017 og fólst í að svohljóðandi málsgrein var felld inn í löginn:

**„Sveitarstjórn skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um útgáfu og veigamiklar endurskoðanir á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á því formi sem stofnunin leggur til.“**

Megintilgangur lagabreytingarinnar er að tryggja að Ísland uppfylli skyldur sínar gagnvart EES-samningnum hvað varðar áætlanir um meðhöndlun úrgangs, m.a. um umfang þeirra og hvort þær uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að safna þessum upplýsingum frá sveitarstjórnunum og senda þær áfram til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Það form sem Umhverfisstofnun leggur sveitarstjórnunum til fyrir skil á upplýsingunum er rafrænt eyðublað sem fyllt er út í Þjónustugátt stofnunarinnar. Þjónustugáttina og leiðbeiningar um innskráningu má finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar, [www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is). Mikilvægt er að fylla eyðublaðið út eins ítarlega og mögulegt er þegar ný svæðisáætlun er gefin út eða hún endurskoðuð með veigamiklum hætti.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur B. Ingvarsson (sími: 591 2000; netfang: [gbi@ust.is](mailto:gbi@ust.is)).

Virðingarfyllt

*Snnjólaug Tinna Hansdóttir*  
Snnjólaug Tinna Hansdóttir  
sérfræðingur

*Guðmundur B. Ingvarsson*  
Guðmundur B. Ingvarsson  
sérfræðingur

